


Ormarsá 1997

Tumi Tómasson

Hólum, mars 1998

VMST-N/98004



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Ormarsá 1997

Inngangur

Seiðastofnar Ormarsár voru fyrst kannaðir með rafveiðum árið 1986 og frá árinu 1989 hefur Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar gert ítarlega könnun á útbreiðslu, þéttleika og vexti seiða í Ormarsá annað hvert ár. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum athugana sumarið 1997.

Fyrir utan athuganir Veiðimálastofnunar fyrir veiðifélagið hefur Jón Kristjánsson fiskifræðingur einnig athugað seiðastofna árinna hin síðari ár fyrir núverandi leigutaka árinna. Ekki liggja fyrir formlegar skýrslur um þær athuganir, en Jón hefur þó ávalt komið helstu niðurstöðum athuganna sinna og ályktunum á framfæri munnlega.

Aðferðir

Dagana 25.-26. júlí 1997 var rafveitt í ánni. Veitt var á tólf stöðum og voru sömu eða svipaðir staðir valdir til veiðanna og áður, bæði til að sem bestur samanburður fengist milli ára, en einnig vegna þess að staðirnir sem upphaflega var veitt á voru valdir þannig að sem bestar upplýsingar fengjust um nýtingu mismunandi árkafla þar sem uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði eru góð. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort og á það eru einnig merktir þeir árkaflar sem bjóða upp á bestu uppeldisskilyrðin fyrir laxaseiði (Mynd 1).

Stærð hvers veiðistaðar var ákvörðuð og öll seiði sem veiddust voru greind til tegundar og þau lengdarmæld. Prufur til aldursgreininga voru tekin af hluta aflans til að staðfesta niðurstöður úr lengdardreifingu.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður athuganna eru settar fram í Töflu 1 og á Myndum 2 og 3. Laxaseiði voru ríkjandi í veiðinni á öllum stöðunum. Heildarþéttleiki laxaseiða var víðast nokkuð hár (7-30 seiði á hverja 100 m²), ef undan er skilinn efsti veiðistaðurinn (staður 3). Þar veiddust innan við 2 laxaseiði á hverja 100 m².

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m² í rafveiðum í Ormarsá 25.-26. júlí 1997.

Staður (nr.)	Stærð (m)	Lax				Bleikja			Urriði			
		0+	1+	2+	3+	0+	1+	2+	0+	1+	2+	3+
3	40x10	-	0.2	-	1.5	-	1.0	-	-	-	-	-
4	40x11	2.5	6.8	-	1.4	-	0.2	-	-	-	-	0.2
5	35x12	-	0.2	2.6	4.5	-	0.5	0.7	-	-	0.5	0.2
6	30x12	0.6	0.8	5.8	0.3	-	-	-	-	-	-	0.6
7	30x15	-	12.7	1.6	5.3	-	-	-	-	-	0.2	-
8	30x15	-	-	3.1	2.9	-	0.4	-	-	-	-	-
9	50x7	-	0.6	6.3	4.3	-	0.3	-	-	-	1.1	-
10	50x8	-	1.2	2.5	2.5	-	0.2	-	2.2	4.7	-	-
11	50x8	-	3.2	5.2	3.0	0.2	-	-	0.2	0.2	-	-
12	20x15	-	6.0	12.3	11.7	-	0.3	-	-	-	-	-
13	30x10	0.3	-	5.3	4.0	0.3	2.0	-	-	-	-	-
14	40x8	0.3	-	5.6	5.0	0.6	-	-	-	-	-	-

Vorgamalla seiða (0+) varð vart í veiðunum á fjórum stöðum, á tveimur stöðum framarlega í ánni (staðir 4 og 6) og svo aftur á neðstu rafveiðistöðunum í ánni (staðir 13 og 14).

Eins árs seiði voru nokkuð misdreifð um ána. Þannig fannst einungis eitt eins árs seiði á fremsta veiðistaðnum, þótt sá árgangur væri tiltölulega þéttur á næsta veiðistað fyrir neðan, á grýtta kaflanum fyrir framan Einarsskarðskvísl. Eins árs seiði skorti sömuleiðis með öllu á tveimur neðstu veiðistöðunum í ánni og þau fundust heldur ekki á stað 8 þótt gnótt væri af þeim á stað 7, sem er ofar á sama brotakafla í ánni og staður 8. Þá bar fremur lítið á eins árs seiðum í veiðinni á stöðum 5 og 6. Árgömlu seiðin voru vænst og stærst á stað 4 þar sem meðallengd þeirra var rúmlega 6.5 cm, á móti um 5.5 cm á öðrum stöðum í ánni.

Tveggja ára seiði fundust á hvorugum veiðistaðnum fyrir framan Einarsskarðskvísl, en að öðru leyti var dreifing þessa árgangs tiltölulega jöfn um alla ána. Meðallengd tveggja ára seiða fór minnkandi eftir því sem neðar dró í ánni, en óx aftur á tveimur neðstu stöðunum þar sem þau áttu ekki í samkeppni við árgömul seiði. Tveggja ára seiði voru áberandi smæst og rýrust á stað 12, fyrir neðan fossinn, þar sem þéttleiki þeirra var jafnframt lang mestur.

Þriggja ára seiði veiddust á öllum rafveiðistöðunum og voru þau víðast í nokkuð miklu magni, jafnvel meira en tveggja ára seiði. Þriggja ára seiði voru mjög misstór, þó oftast væri ekki afgerandi munur á lengdardreifingu þeirra milli veiðistaða. Þau voru þó almennt smæst neðan til í ánni, einkum þó á stað 12 þar sem fjöldi þeirra var jafnframt mestur. Stærstu seiðin sem veiddust (>11.5 cm) voru öll í göngubúningi og á leið til sjávar. Aldursgreining hreistursýna leiddi í ljós að þau voru öll þriggja ára og því er ljóst að einhver hluti þessa árgangs náði sjóþroska sumarið 1997, þótt líklega hafi enn stærri hluti árgangsins orðið eftir og nái ekki sjóþroska fyrr en eftir fjóra vetur í ánni.

Þróun veiðinnar

Í Töflu 2 eru teknar saman tölur yfir laxveiðina í Ormarsá á árunum 1990-1997. Á tímabilinu 1974-1996 var meðalveiði í ánni samkvæmt skýrslum Veiðimálastofnunar 190 laxar á ári. Metveiði varð í ánni árið 1993 þegar 366 laxar komu á land. Veiðin var í mikilli lægð á árunum 1981-1984. Á þessum fjórum árum veiddust einungis 45-87 laxar, að meðaltali 65 laxar á ári. Það er athyglivert að veiði s.l. fjögurra ára, sem í flestum ám á norðan- og austanverðu landinu hefur verið fremur slök og svipuð því sem hún var á árunum 1981-84, hefur verið tiltölulega góð í Ormarsá. Á þessum árum hafa veiðst að meðaltali 165 laxar í Ormarsá á ári og hefur veiðin verið nokkuð jöfn milli ára (Tafla 2). Þetta kemur líklega til af því að lax hefur s.l. áratug verið að nema land fram Ormarsána, en stór hluti uppeldissvæða árinna er langt fram á Melrakkasléttu, fyrir framan það svæði sem aðal veiðin fer fram.

Tafla 2. Laxveiðin í Ormarsá á tíunda áratugnum.

Ártal	Laxveiði		
	Smálax	Stórlax	Samtals
1997	109	32	141
1996	89	92	181
1995	153	10	163
1994	60	109	169
1993	157	209	366
1992	280	55	335
1991	114	42	156
1990	64	123	187

Þegar veiðitölur úr ánni eru skoðaðar aftur til ársins 1974, kemur í ljós að fjöldi veiddra smálaxa eitt árið og stórlaxa ári síðar, hélst mjög svipaður allt til 1986/1987. Eftir það hefur hlutfall stórlaxa minnkað, þótt enn sé sterk fylgni milli veiði smálaxa eitt árið og veiði stórlaxa ári síðar. Smálaxaveiðin óx heldur milli ára sumarið 1997 og við getum því vænst þess að stórlaxaveiðin verði betri sumarið 1998 en hún varð s.l. sumar.

Seiðasleppingar sumarið 1997

Seiðasleppingar voru nokkuð stundaðar í Ormarsá á árum áður og greinilegt er að seiðasleppingar í fremsta hluta árinna hafa flýtt mjög fyrir landnámi laxins upp ána. Síðast var sleppt á þetta svæði árið 1990.

Vegna þess hve nýliðun getur verið breytileg á milli ára í Ormarsá, hefur verið talið mikilvægt að fylgjast vel með nýtingu uppeldissvæða. Í athugunum 1996 sá Jón Kristjánsson að einungis var að finna tiltölulega stór seiði í efsta hluta Ormarsár og því var ákveðið að taka klakfisk úr ánni um haustið til að eiga seiði af stofni árinna ef þörf

yrði á sleppingum sumarið 1997. Leigutaki árinna tók á sig að greiða kostnað af klakfiskatökunni og ábyrgjast greiðslu fyrir 15000 seiði til eldisstöðvarinnar.

Í athugunum sumarið 1997 kom í ljós að á efsta brotakaflanum, fyrir neðan Arnarstaðavatn, var þéttleiki seiða mjög lágur og þar fundust nær einungis 3+ seiði. Því var ákveðið að sleppa seiðum á þetta svæði. Alls var sleppt 15000 seiðum, flestum 6-7 cm löngum (Mynd 4). Alls var sleppt 9000 seiðum á rúmlega 2 km kafla fyrir neðan Arnarstaðavatn og í tvo grýtta hliðarlæki. Um 5000 seiðum var sleppt í Arnarstaðavatn og var þeim dreift vel meðfram ströndinni sitt hvoru megin við ífallið, fyrir utan rúmlega 1000 seiði sem dreift var á grýtt svæði við útfall Ormarsár. Loks var um 1000 seiðum dreift á nokkuð langt svæði í Ormarsá fyrir framan Arnarstaðavatn.

Arnarstaðavatn er fremur grunnt og í því er víðast leirbotn, nema við útfallið. Ólíklegt er að laxaseiði þrífist vel í vatninu, en í því er einhver bleikja, þótt nýliðun hennar sé ekki mikil. Eins eru búsvæði fyrir lax í Ormarsá fyrir framan Arnarstaðavatn af fremur skornum skammti. Einungis var sleppt í Arnarstaðavatn og í ána sem í það fellur vegna þess að ekki var talinn grundvöllur til að hafa þéttari sleppingu í Ormarsánni sjálfri, þar sem uppeldisskilyrði eru þó mjög góð.

Umræða

Þegar athuganir hófust á laxastofni Ormarsár var greinilegt að árgangastyrkleiki seiða var mjög sveiflukenndur og sterkur árgangur gat verið ríkjandi í veiðunum í 3-4 ár, eins og gerðist t.d. með klakárganginn frá 1980. Á milli komu svo mjög litlir árgangar, eða jafnvel eyður í nýliðun. Í rafveiðunum 1986 var laxaseiðabúskapur í ánni fremur rýr og bleikjuseiði áberandi í veiðinni. Síðan hefur laxastofn árinna styrkst mjög, útbreiðsla hans aukist og bleikju fækkað til muna. Enn eru þó töluverðar sveiflur í árgangastyrkleika. Þannig hafa seiðaárgangar úr klaki árin 1987, 1988, 1990, 1991 og 1994 verið mjög áberandi í rafveiðunum. Ekki hefur þó verið fylgst með því hvernig þeir hafa skilað sér í veiðunum þar sem ekki hefur verið safnað hreistursýnum hin síðari ár.

Í rafveiðunum nú var óvenju þéttur seiðastofn í ánni. Mikið bar á 3+ seiðum (klakárgangur frá 1994), og höfðu þau seiði vaxið mjög vel, ekki síst miðað við hve smá þau voru í rafveiðunum 1995, þá sem 1+. Greinilegt er að hluti þessa árgangs hefur náð sjóþroska sumarið 1997.

Mismunandi stærð jafngamalla seiða skýrist fyrst og fremst af hitafari og seiðaþéttleika. Mikil kaldavermsl kæla ána töluvert á köflum og því er hún jafnvel hlýrri frammi á heiði en neðan til. Seiði úr 2+ árganginum fara þannig smækkandi eftir því sem neðar dregur, en eru aftur stærrí á tveimur neðstu stöðunum þar sem þau eiga ekki í samkeppni við 1+ seiði. Seiði allra árganga voru áberandi smæst og rýrust á veiðistað 12, fyrir neðan fossinn, þar sem þéttleiki seiða var lang mestur.


Seiði leita yfirleitt á móti straumi og því eru ekki líkur á að klakárgangurinn frá 1996 (1+ seiði 1997) eigi eftir að dreifast niður ána, þótt mikið hafi fundist af þessum seiðum á veiðistað 12. Á tveimur neðstu stöðunum fannst hinsvegar mikið af vorgömlum

seiðum og því er ekki ástæða til að gera neinar sérstakar ráðstafanir til að tryggja að uppeldisskilyrði á neðsta kafla árinna nýtist til fulls.


Búast má við að vörgömul seiði hafi verið að finna víðar en þar sem þau komu fram í rafveiðunum. Rafveiðarnar voru það snemma sumars að tiltölulega stutt var síðan seiðin voru komin upp úr mölinni og þau því lítið farin að dreifast frá hrygningarstöðunum.

Gera má ráð fyrir að þau seiði sem sleppt var sumarið 1997 nái sjóþroska sumarið 1999 og einhver hluti jafnvel ekki fyrr en sumarið 2000, en tíðarfar mun ráða þar miklu um. Það er líklegt að seiði úr klakárganginum frá 1996 (1+ 1997), sem töluvert veiddist af á stað 4, munu í einhverjum mæli dreifast um efsta svæðið einnig þegar frá líður, einkum þó ef 1997 árgangurinn, sem fannst einnig á þessum kafla, verði sæmilega fjölliðaður.


Uppeldissvæði fyrir laxaseiði er á nokkuð skýrt afmörkuðum svæðum í Ormarsá, sem sum eru það vel aðskilin að gera má ráð fyrir að far seiða á milli þeirra geti verið mjög takmarkað. Því er nauðsynlegt að fylgjast áfram með útbreiðslu og árgangastyrkleika seiða til að tryggja að uppeldissvæði um alla ána nýtist sem best. Mikilvægi þess sést e.t.v. gleggst þegar lítið er á veiðitölur fyrir árin 1981-1984 og þær bornar saman við veiðina 1993-1997. Miðað við ástandið nú og þær vísbendingar sem við höfum um útbreiðslu 1997 árgangsins er ekki ástæða til að ætla að þörf verði á frekari seiðasleppingum næstu tvö árin.




Mynd 1. Yfirlitskort af Ormarsá. Á kortið eru merktir þeir staðir sem rafveitt var á 25.-26. júlí 1997, sem og þeir kaflar árinna þar sem uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði eru góð.




Mynd 2. Lengdar- og aldradreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Ormarsá 25.-26. júlí 1997. Athugið að helmingi smærri skali er notaður á stað sjö en hinum stöðunum.



Mynd 2. framhald



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Ormarsá 25.-26. júlí 1997. Afli á öllum veiðistöðum hefur verið sameinaður.



Mynd 4. Lengdardreifing laxaseiða sem sleppt var ofan til í Ormarsá 26. júlí 1997.